



Fundargerð

173. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, mánudaginn 28. júlí 2014 kl. 17:30.

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Fundargerð hluthafafundar
2. Skógarorka ehf.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Fundargerð hluthafafundar

Hluthafafundur var haldinn 8. júlí 2014 hjá Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. (HEF ehf.). Eina mál fundarins var að kjósa nýja stjórn í framhaldi af sveitarstjórnarkosningum. Í stjórn voru kosin:

Aðalmenn:

Gunnar Jónsson	kt. 040352-5709	formaður
Skúli Björnsson	kt. 070456-0019	varaformaður
Guðbjörg Björnsdóttir	kt. 240479-5759	
Karl Lauritzson	kt. 030859-2009	
Gunnhildur Ingvarsdóttir	kt. 120153-4209	

Varamenn:

Sigvaldi H. Ragnarsson	kt. 290668-3529	
Ruth Magnúsdóttir	Kt. 200266-5019	
Þórhallur Harðarson	kt. 120173-3409	
Sigríður Sigmundsdóttir	kt. 051261-4299	
Þorvaldur P. Hjarðar.	Kt. 220252-7369	

Undirrituð skjöl til fyrirtækjaskrár.

Ákveðið að fundartími verði óbreyttur kl. 17:30 til 19:30.



Fundarstaður verði Hótel Hérað.

2. Skógarorka ehf.

Formaður fór yfir fund sem haldinn var með skógræktaraðilum, kurlunarverktaka og fulltrúa Fljótsdalshrepps. Þessi fundur var án niðurstöðu að mati formanns og framkvæmdastjóra. Eins var farið yfir stöðu mála hjá kurlveitunni og rætt um hvað er til ráða varðandi rekstur veitunnar. Það þarf að leggjast yfir rekstrarmöguleika Skógarorku ehf. og þá vinnu verður HEF ehf. að inna af hendi sem stærsti hluthafi en leitað verði eftir þátttöku stærstu hluthafa með kostnað. Æskilegt er að þessi úttekt liggji fyrir í haust. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a) Urriðavatnssund fór fram um helgina en HEF ehf. er styrktaraðili.
- b) Framkvæmastjóri fór yfir helstu verkefni sem verið er að vinna núna til upplýsingar fyrir nýja meðlimi stjórnar.
- c) Komið hefur í ljós að bændur í Vallanesi vilja ekki framlengja samning um seyrugryfjur í Vallaneslandi. Loka þarf þessum gryfjum samkvæmt kröfum HAUST.
- d) Dæluskúr Votahvammi – framlagðar teikningar og afstöðumynd.
- e) Fundargerð 3. verkfundar - Göngustígur og stofnlagnir í Fellabæ . Lögð fram til kynningar.

4. Önnur mál

- a) Styrkbeiðni frá SKAUST vegna brúarframkvæmda undirritað af Bjarna Þór Haraldssyni.

Karl Lauritzson vék af fundi undir þessum lið.

Stjórn bendir á að þegar starfsleyfi var veitt fyrir svæðið þá er það skilyrt að aðkoma að svæðinu sé neðan vatnsverndarsvæðis.

Erindinu er hafnað samhljóða af stjórn.



Fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 19:48

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson.